

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrir en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

#### 2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum:

- a) Taxti  $V_1$  — heimili. Fastagjald kr. 1 300,00 á ári.
- b) Taxti  $V_2$  — fiskverkun. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði hámarksgjald kr. 5,40 á  $m^3$  húss og hámarksgjald kr. 10,80 á  $m^3$ .
- c) Taxti  $V_3$  — fiskimjölsverksmiðjur. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 5,40 á  $m^3$  húss og hámarksgjald kr. 10,80 á  $m^3$ .
- d) Taxti  $V_4$  — annað. Fastagjald 0,15% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 2,70 á  $m^3$  húss og hámarksgjald kr. 5,40.

#### 3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 18,00, fyrir hvern teningsmetra vatns. Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti og annast mælaaflestur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1986.*

F.h.r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*